



Akureyri, 20. mars 2020.

Fréttatilkynning frá Landssambandi veiðifélaga

Í gær kynnti Hafrannsóknastofnun tillögu sína að ráðgjöf um endurskoðun áhættumats erfðablöndunar vegna laxeldis í sjókvíum. Þessi tillaga er mikil vonbrigði. Landssamband veiðifélaga mun leggjast harðlega gegn því að leyft verði eldi frjórna norskra laxa í opnum sjókvíum í Ísafjarðardjúpi. Ljóst er að með því að flýta gerð nýs áhættumats með lögum er ekki byggt á reynslunni af fullnýttu áhættumati sem stofnunin gaf út í kjölfar samkomulags sem náðist í samráðsnefnd um stefnumótun í fiskeldi. Jafnframt er gerð alvarleg athugasemd við að í Ísafjarðardjúpi sé nú skylt samkvæmt lögum að taka tillit til svokallaðara mótvægisáðgerða sjókvíaeldisfyrirtækjanna sem ættu í raun að vera almennt skilyrði fyrir eldisleyfi frekar en tól til að auka magn frjórna laxa. Hins vegar er ekki skylt að taka tillit til áhrifa laxalúsar eða sjúkdóma á nálæga stofna.

Það samkomulag sem náðist í samráðsnefnd um stefnumótun í fiskeldi um áhættumat um erfðamengun var um margt tímamóta samkomulag sem var síðan svikið við lögfestingu nýrra laga um fiskeldi síðastliðið vor. Alvarlegasta breytingin var sú að Hafrannsóknastofnun var gert skylt að taka tillit til mótvægisáðgerða fiskeldisfyrirtækjanna við gerð matsins. Þannig verða til dæmis tækniframfarir og þróun í eldinu til þess að auka eldis magnið og þar með áhættuna fyrir villta stofna. Mótvægisáðgerðirnar munu ekki leiða til aukinnar verndar stofnanna og umhverfisváns fiskeldi.

Bent er á að áhættumatið sem var birt í gær er ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar. Eftir er að fjalla um það í samráðsnefnd um fiskeldi þar sem fulltrúi Landssambandsins á sæti. Samráðsnefndin mun veita ráðgefandi álit um áhættumatið en Hafrannsóknarstofnun ber að að taka rökstudda afstöðu til þess álits og gera breytingar á tillögunni ef stofnunin telur ástæðu til. Það er þess vegna ennþá tækifæri til þess að hverfa frá þessum fráleitu hugmyndum um eldi á frjóum norskum löxum í Ísafjarðardjúpi með tilheyrandi áhættu fyrir villta íslenska laxastofna á Vestfjörðum og Norðvesturlandi.

Verði Ísafjarðardjúp opnað fyrir eldi frjórna laxa verður það svartur dagur í náttúruvernd á Íslandi. Landssamband veiðifélaga mun leita allra leiða til að koma í veg fyrir að það nái fram að ganga.

Nánari upplýsingar veitir Jón Helgi Björnsson formaður Landssambands veiðifélaga í síma 893-3778.